

# Reykjarhóll í Skagafirði

## Fornleifaskráning

vegna frístundabyggðar  
vestan og sunnan Reykjarhóls



Katrín Gunnarsdóttir  
mars 2002  
Byggðasafn Skagfirðinga

## Efnisyfirlit

|                                                  |    |
|--------------------------------------------------|----|
| Inngangur.....                                   | 2  |
| Tilgangur fornleifaskráninga .....               | 3  |
| Skráningin.....                                  | 4  |
| Staðhættir og fjöldi minja á umræddu svæði:..... | 5  |
| Yfirlitskort yfir skráningarsvæðið .....         | 6  |
| Saga og fornleifar .....                         | 7  |
| 1 vegur .....                                    | 8  |
| 2 bústaður .....                                 | 8  |
| 3 áveituskurður .....                            | 9  |
| 4 skotbyrgi .....                                | 9  |
| 5 skotbyrgi .....                                | 9  |
| 6 óþekkt.....                                    | 10 |
| 7 fjárhús.....                                   | 10 |
| 8 óþekkt.....                                    | 11 |
| 9 fjárhús.....                                   | 11 |
| Niðurstöður.....                                 | 12 |
| Heimildaskrá:.....                               | 12 |

Forsíðumyndin er af húsum á Reykjarhóli. Fremst á myndinni er gamli bærinn.  
Framhúsið og hlóðaeldhúsið standa enn uppi. Fjær er núverandi bústaður á Reykjarhóli.  
Horft til austurs. Ljósmynd: Hjalti Pálsson í október 2000.

### **Inngangur**

Fornleifaskráning var gerð í hluta lands Reykjarhóls í Skagafirði í mars 2002 að beiðni byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna deiliskipulags frístundabyggðar, sem var samþykkt í Umhverfis- og tækninefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar 20. febrúar 2002. Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð á þessu svæði áður. Skráningu og allar teikningar vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Byggðasafni Skagfirðinga í mars 2002.

Viðtal og leiðsögn um svæðið veitti Rósmundar G. Ingvarssonar (f.1930) Varmahlíð og er honum þökkun veitt aðstoð, sem og Sigurlaugu Ingibjörgu Markúsdóttur (f.1944) bónda á Reykjarhóli.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, auðvelda aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar sem:

„hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

1. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
3. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
4. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
5. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
6. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
9. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.<sup>1</sup>

Allar fornleifar eru friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í lögunum segir að fornleifum megi enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. þjóðminjalaga).

Fornleifaskráning á að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum og í rannsóknum og kynningum, og það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

---

<sup>1</sup> Þjóðminjalög nr. 107/2001, 9. gr.

Fornleifaskráning sameinar hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum, því björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er hvorki æskilegur frá sjónarmiði þeirra né fornleifafræðinnar.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur hún krafist þess að þeim verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

### **Skráningin**

Skráning þessi takmarkast við úthlutað svæði undir frístundabyggð í landi Reykjarhóls samkvæmt deiliskipulagsuppgdrætti. Hafa ber í huga að fornleifar á jörðinni eru miklu fleiri en hér kemur fram. Minjar þær sem þessi fornleifaskráning nær yfir, verða skráðar í skráningakerfið Sarp.<sup>2</sup> Fornleifar eru flokkaðar eftir jörðum og bæði miðað við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.<sup>3</sup>

Í skránni er umfjöllun um hvern minjastað og teikningar þar sem við á. Einnig fylgir minjakort sem sýnir minjastöðina. Skráningin er í þeim kafla skýrslunnar er nefnist „Saga og fornleifar.“

**Aðferð við fornleifaskráninguna:** Í inngangi að fornleifaskránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir atburðum, breytingum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

**Tegund, hlutverki og heiti** minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, byrgja, áveituskurða og þar fram eftir götunum. Stundum sjást fornminjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Á þessu svæði er ekki um slíkt að ræða, en leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær á yfirborðinu með berum augum. Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð. Þegar engu slíku er til að dreifa er hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið kemur fyrir, t.d. vegur.

**Lega:** Til að hnitsetja minjarnar var notuð loftmynd frá Landmælingum ríkisins í kvarðanum 1: 3000, frá 1991. GPS hnit skráðra minja eru færð í skrána.


**Staðhættir og lýsing:** Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, svo sem að vitna í heimildir.

<sup>2</sup> SARPUR er skráningakerfi sem Þjóðminjasafn Íslands hefur þróað og mörg opinber minjasöfn nota til samskráningar fyrir muni og minjar. Fornleifavernd ríkisins hefur aðgang að SARPI og með skárningu í sarpinn er því takmarki náð að gera fornleifaskráninguna aðgengilega fyrir minja- og skipulagsyfirvöld á rafrænu formi. Sem og alla þá er stunda rannsóknir í þessum fræðum.

<sup>3</sup> J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

**Hættumat:** Við skýrslugerðina er lagt mat á hættu sem fornleifunum kann að standa af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar stafar fyrst og fremst að framkvæmdagleiði ábúenda sem kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar og landbrots getur verið ef fornleifar eru að afmást fyrir áhrif vatns og vinda. Ekki er lagt hættumat á fornleifar, sem heimildir geta um en finnast ekki við vettvangsskráningu. Engu að síður er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra heimilda við skipulag framkvæmda því fornleifar geta leynst undir grassverðinum.

**Heimildir:** Vísað er í helstu heimildir, ritaðar og munnlegar, við hverja hinna skráðu fornleifa, þó ekki neðanmáls eins og gert er annars staðar í texta skýrslunnar. Það helgast af því að fornleifaskráningin á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.



### **Staðhættir og fjöldi minja á umræddu svæði:**

Reykjarhóll er í miðjum Skagafirði. Vestari mörk svæðis þess sem fornleifaskráningin nær til er frá Víðimýrará í vestri til gamla bæjarins og nýja íbúðarhússins á Reykjarhóli í norðri. Austurmörk svæðisins liggja við skógarjaðarinn vestan í Reykjarhólnum og syðstu mörk eru 360 m í suðri, frá skógræktinni, á um 150 m breiðri landsspildu sem heitir Kringla og liggur austan við Torfhól. Þessi hluti er ætlaður undir smáhýsi og þjónustumiðstöð. Torfhóll, sem liggur samhliða vestari hluta svæðisins, er örnefni sem vísar til torfvinnslu og þar eru skráðar nokkrar minjar svo sem skotbyrgi og skepnuhús, en vafalítið er og verður erfitt að greina ummerki torfvinnslu á holtinu. Alls voru 9 fornleifar skráðar á svæðinu.

1. Gamli sýsluvegurinn/ Samgönguleið
2. Hús/Reykjarhóll
3. Skurður/Áveita
4. Stríðsminjar/Skotgröf
5. Stríðsminjar/Skotgröf
6. Tóft/Óþekkt
7. Tóft I /Fjánhús
8. Tóft II/Fjánhús
9. Tóft III/Fjánhús

## Yfirlitskort yfir skráningarsvæðið



...\\4628 yfirlit Varmahlíð.dgn 04.04.2002 11:31:10

## Saga og fornleifar

Reykjarhóll er í Víðimýrarsókn í Sveitarfélaginu Skagafirði (5700 Skagafjörður, A-B 146060-90-6).

Elstu heimildir um Reykjarhól eru í sögu Jóns biskups helga. Þar er skemmtileg frásögn sem greinir frá ferð Þórkötlu vinnukonu Gyðríðar Þorvarðardóttur og Kolbeins Tumasonar á Víðimýri, með Sigríði vinnukonu í Brekku, er þær fóru til fataþvotta í Reykjarhólslaug á miðjum vetri árið 1200. Þar var aðstöðuhús, svokallað laugarhús, sem fólk notaðir við þvotta og böð. Margar konur voru þar við laugina að þvo þvott og tók Þórkatla af sér skóna í vatnsaganum. Flaug að hrafn og stal þeim. Eftir þvottinn fóru allar konur heim nema þær Þórkatla og Sigríður, sem biðu þess að þeirra yrði vitjað, því ekki vildi Þórkatla ganga heim berfætt í ófærð og frosti. Þær þreyttust á biðinni og hét Þórkatla á Jón Ögmundsson Hólabiskup að bjarga þeim úr klípunni og það var eins og við manninn mælt að hrafninn skilaði skónum.<sup>4</sup>

Næst er Reykjarhóls getið þar sem sagt er frá aðdraganda Örlygsstaðarbardaga árið 1238, þegar Sturla Sighvatsson kemur norður í Skagafjörð með flokk sinn, “og átu þeir mat á Reykjarhóli.”<sup>5</sup>

Árið 1446 er jörðin orðin eign Reynistaðarklausturs eins og er getið er í fornbréfasafni í eignaskrá klaustursins.<sup>6</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1713 segir að á jörðinni sé tvíbýli og landskuld sé eitthundrað, eða 120 álnir, og 3 leigukúgildi sem skiptist jafnt á milli ábúenda, en landsskuld af allri jörðinni til forna voru 2 hundruð.<sup>7</sup>

Í sóknarlýsingu frá 1842 er Reykjarhóll metinn á 40 hundruð<sup>8</sup> og tilheyrir enn umboði Reynistaðarklausturs.<sup>9</sup>

Árið 1908 seldi Landssjóður jörðina til Einars Sigurðssonar ábúanda og seldi hann hana strax Garðyrkjufélagi Seyluhrepps.

Árið 1914 átti Guðmundur Guðmundsson á Brekku jörðina og hann seldi ríkissjóði jörðina árið 1935, sem ríkissjóður seldi hana aftur Varmahlíðarfélaginu 1938 vegna fyrirhugaðrar stofnunar héraðsskóla í Varmahlíð.<sup>10</sup>

---

<sup>4</sup> Byskupa sögur II. Bls. 171-174.

<sup>5</sup> Sturlunga saga I, Íslendingasaga. Bls. 421. Rv.1946.

<sup>6</sup> Íslenskt fornbréfasafn. DI IV, bls. 701.

<sup>7</sup> Jarðabók. Bls. 88.

<sup>8</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðar 1839-1873, bls. 62.

<sup>9</sup> Frá því er greint í Jarðabók Johnsens frá 1847, bls. 258 og verðgildi, 40 hundruð að dýrleika og 3 kúgildi.

<sup>10</sup> Bygðasaga Skagafjarðar II, Staðarhreppur- Seyluhreppur 2001, bls. 432

Vettvangsathugun á fyrirhuguðu byggingasvæði og næsta nágrenni leiddi þessar minjar í ljós:

#### **1 vegur**

**Tegund minja:** Samgönguleið/vegur.  
**Sérheiti:** Gamli sýsluvegurinn.  
**Hlutverk:** Reiðvegur.  
**Staðhættir:** Reiðvegurinn liggur austan við Reykjarhólsbæinn vestanhalt við Reykjahólinn við svo kallaða Laugabrekku. Sýslunefndarsaga bls. 150-151.  
**Lýsing:** Vegurinn er mjög óljós og er troðningur, en ekki uppbyggður vegur. Hann er um 2 m á breidd.  
**Lega:** N: 65°33335 V: 19°27837  
**Hættumat:** Reiðvegurinn liggur í gegnum lóðir nr. 16, 18 og 20 við Reykjarveg samkvæmt fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins.  
**Heimild:** Sýslunefndarsaga Skagfirðinga II, Kristmundur Bjarnason 1989.  
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1: 3000 , frá 1991.

#### **2 bústaður**

**Tegund minja:** Hús.  
**Sérheiti:** Reykjarhóll.  
**Hlutverk:** Heimili/bústaður.  
**Byggingarár:** Árið 1916.  
**Lega:** N: 65°33349 V: 19°28182  
**Staðhættir:** Um 180 m frá bænum Reykjarhóli í vestur.  
**Lýsing:** Húsið var byggt úr timbri og jární, ein hæð og ris með grjóthlöðnum kjallara undir hálfu húsinu. Það er nú notað fyrir geymslu. Stærð hússins um 110 m<sup>2</sup>.  
Byggðasaga Skagafjarðar bls. 431.  
**Aðrar upplýsingar:** Við norðurhlið hússins eru leifar gamla hlóðaeldhússins, hlaðið úr torfi. Það er nú að mestu hrunið. Að sögn Sigurlaugar Markúsdóttir var það ekki í notkun eftir að fjölskylda hennar flutti að Reykjarhóli 1945.  
**Hættumat:** Gamli bærinn er í um 10 m fjarlægð frá lóðamörkum lóðar nr. 16 við Víðimýrarveg, og er því nokkurri í hættu.  
**Heimild:** Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi: Ritstjóri Hjalti Pálsson 2001  
Viðtal við Sigurlaugu Markúsdóttir á Reykjarhóli, í mars 2002

### 3 áveituskurður

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Lega:**

**Aðrar upplýsingar:**

**Hættumat:**

**Heimild:**

Skurður.

Áveita.

Skurðurinn liggur frá Reykjarhólsbænum í suð-vestur um 150 m að Víðimýraránni.

Skurðurinn er handgraffinn og liggur í norður – suður. Endar skurðarins liggja til vesturs. Skurðurinn er um 350 m langur og um 1 m á breidd.

N: 65°33264 V: 19°28062

Skurðurinn var handgraffinn í tíð Guðmundar Guðmundssonar sem bjó á Reykjarhóli 1914-1935.

Skurðurinn mun hverfa undir Víðimýrarveg.

Handrit frá Hjalt Pálssyni ritara Byggðasögu Skagfirðinga frá 19. júní 2001.

Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:3000 , frá 1991.

### 4 skotbyrgi

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Byggingarár:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Hættumat:**

**Heimild:**

Stríðsminjar.

Skotgröf/byrgi.

Í kringum 1940.

N: 65°32876 V: 19°27219

Syðst á Torfholti, um 2 m í norður frá gamla þjóðveginum sem liggur austur-vestur.

Skotgröfin hefur verið grafin í malarhól og er um 3 x 4 m, veggjahæð um allt að 0.8 m

Er um 90 m frá suðurmörkum fyrirhugaðs smáhýsasvæðis og ekki í beinni hættu.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

### 5 skotbyrgi

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Byggingarár:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Hættumat:**

**Heimild:**

Stríðsminjar.

Skotgröf/byrgi.

Í kringum 1940.

N: 65°32837 V: 19°27175

Syðst á Torfholti, um 30 m í norður frá gamla þjóðveginum sem liggur austur-vestur.

Skotgröfin hefur verið grafin í malarhól, og er um 5 x 7 m, veggjahæð allt að 0.8 m.

Stríðsminjarnar eru um 50 m frá suðurmörkum fyrirhugaðs smáhýsasvæðis, og ekki í beinni hættu.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

### 6 óþekkt

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

Tóft.

Óþekkt.

N: 65°32814

V: 19°27167


Tóftin er rétt sunnan við gamla þjóðveginn, á Torfholti Hringlaga tóft um 6 metra í þvermál, veggjaþykkt um 1-2 metrar, hleðsluhæð um 0.4 m. Tóftin er grasi vaxin og frekar ógreinileg

**Hættumat:**

Tóftin er um 100 m frá suðurmörkum fyrirhugaðs smáhýsasvæðis, og er ekki hættu.

**Heimild:**

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002



Mynd 1 Flatarteikning, tóft.

### 7 fjárhús

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Hættumat:**

**Aðrar upplýsingar:**

**Heimild:**

Tóft I.

Fjárhús.

N: 65°32883

V: 19°27237


Tóftin er um það bil 50 m í vestur, frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.

Tóftin er fremur óljós grasi vaxin, og hún er um 5 x 3 m. Á austurhlið er inngangur, vesturhlið fremur ógreinileg, suðurhlið vel greinileg. Norðurhlið vantar alveg.

Tóftin er ekki í beinni hættu.

Tóft II er í um 10 m í vestur, og tóft III í um 11 m norður.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.



Mynd 2 Flatarteikning, tóft I.

### 8 óþekkt

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Hættumat:**

**Aðrar upplýsingar:**

**Heimild:**

Tóft II.

Óþekkt.

N: 65°32882

V: 19°27247


Tóftin er um það bil 60 m í vestur frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.

Tóftin er grasi vaxin, hringlaga um 6 m í þvermál og slétt að ofan. Hleðsluhæð um 0.40 m. Ekki sést móta fyrir veggjaþykkt.

Tóftin er ekki í beinni hættu.

Tóft I er um 10 m í austur.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.



Mynd 3 Flatarteikning, tóft II.

### 9 fjárhús

**Tegund minja:**

**Hlutverk:**

**Lega:**

**Staðhættir:**

**Lýsing:**

**Hættumat:**

**Aðrar upplýsingar:**

**Heimild:**

Tóft III.

Fjárhús.

N: 65°32897

V: 19°7243

Tóftin er um það bil 50 m í vestur frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.

Tóftin er grasivaxin og nokkuð óljós, stærð um 10 x 5 m, veggjaþykkt um 1-2 m, veggjahæð um 0.4 m. Á suðurhlíð sést nokkuð greinilega móta fyrir tveimur dyrum, austur- og vesturhlíð nokkuð heillegar, norðurhlíð óljós.

Tóftin er ekki í beinni hættu.

Tóft II er í um 11 m í suður.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.



Mynd 4 Flatarteikning, tóft III.

### Niðurstöður

Skoðaðir voru 9 minjastaðir. Fornleifar sem kunna að vera í hættu vegna fyrirhugaðrar frístundabyggingar eru:

**Gamli reiðvegurinn**, ( nr 1) sem er troðningur, en ekki upphlaðinn vegur. Það hefur verið sléttað úr honum, og er hann því víða horfinn. Hann gefur ekki lengur heildarmynd af þessum gamla reiðvegi, en er í eðli sínu merkileg heimild um aflagða alfaraleið um héraðið. Vegurinn liggur í gegnum byggingarreiti nr. 20, 18 og 16 við Reykjarveg og æskilegt er að hlífa honum, ef hann ekki hverfur hvort sem er í sinu og gróður. Leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf til að raska við honum.

**Gamli bærinn** á Reykjarhóli ( nr. 2) er í um 10 m í norður frá lóðamörkum á byggingarlóð nr. 16 við Víðimýrarveg. Taka þarf tillit til nálægðar bæjarleifanna við frágang lóðarinnar.

**Handgraffinn skurður** (nr. 3) í túninu suður af gamla bænum á Reykjarhóli hverfur undir veg. Skurður þessi er grafinn einhvern tíma á árunum 1914- 1935 og telst því ekki til fornminja, en er góð heimild um 20. aldar þjóðhætti, fyrir vélvæðingu.

Aðrar minjar eru ekki í beinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á þessu svæði.

### Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur- Seyluhreppur. Ak. 2001.  
Byskupa sögur II.  
Deiliskipulagsuppráttur af frístundabyggingu í landi Víðimels. Teiknaður af Péttri Jónssyni skipulagsfræðingi og arkitekt.  
Íslenskt fornbréfasafn. Diplomatarium Islandicum IV.  
J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi. Kh. 1847.  
Jarða og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781-1958.  
Loftmynd frá Landmælingum ríkisins í kvarðanum 1: 3000, frá 1991.  
Sturlunga saga I, Íslendingasaga. Rv.1946.  
Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðar 1839-1873.  
Sýslunefndarsaga Skagfirðinga II, Kristmundur Bjarnason 1989.  
Viðtal við Rósmund Ingvarsson, í mars 2002.  
Viðtal við Sigurlaugu Markúsdóttir á Reykjarhóli, í mars 2002  
Þjóðminjalög nr. 107/2001.  
Örnefnskrá fyrir Reykjarhól, eftir Rósmund Ingvarsson.